

29. SEPTEMBER
2024

HARPA
ELDBORG

U



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ungsveitin leikur Dvořák

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Fanfare 3´

Sinfónía 45´

**Tónleikarnir eru hljóðritaðir og
verður útvarpað 8. október kl. 19:00 á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Ungsveitin leikur Dvořák

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 29. SEPTEMBER KL. 17:00

Ungsveit
Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Nathanaël Iselin
hljómsveitarstjóri

Joseph Ognibene
aðstoðarhljómsveitarstjóri

Aaron Copland
Fanfare for the Common Man (1942)

Antonín Dvořák
Sinfónía nr. 9 í e-moll, op. 95 (1893)
Úr nýja heiminum
Adagio - Allegro molto
Largo
Scherzo, molto vivace
Allegro con fuoco

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Nathanaël Iselin stjórnar nú Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands í annað sinn á tónleikum.

Nathanaël Iselin

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförunum árum. Hann stundaði nám við Konservatóríið í París og lauk þaðan bakkalárprófi í slagverksleik, mastersprófi í hljómsfræði og diplómaprófum í píanóleik og tónfræði. Síðan nam hann hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusarakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki, Jorma Panula, Sakari Oramo, Simone Young og Thomas Søndergård.

Iselin hóf hljómsveitarstjóraferil sinn sem aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Árósum og stuttu síðar hlaut hann fyrstu verðlaun í hinni virtu Panula-hljómsveitarstjórakeppni sem haldin er í Vaasa í Finnlandi. Hann var staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022–23 en honum bauðst staðan í kjölfar páskatónleika hljómsveitarinnar sem hann stýrði vorið 2022. Í fyrra hreppti hann 2. verðlaun í þýsku hljómsveitarstjórakeppninni German Conducting Award með WDR-Sinfóníuhljómsveitinni og Gürzenich-hljómsveitinni í Köln.

Nathanaël er reglulegur gestur hjá Fílharmóníuhljómsveit Kaupmannahafnar og Sinfóníuhljómsveitinni í Árósum en hefur einnig við ýmis tækifæri stýrt hljómsveitum á borð við Lundúnasinfóníuna, Niðurlandafílharmóníuna, Orchestre National de France, Singapúrsinfóníuna, Dönsku útvarpshljómsveitina og Fílharmóníuhljómsveitina í Helsinki.

Á óperusviðinu hefur Nathanaël Iselin stjórnað uppsetningu á óperunum *Öskubusku* eftir Rossini, *Carmen* eftir Bizet og *Rigoletto* eftir Verdi hjá Opera Heldeland sem er stærsta óperuhátíð Danmerkur. Á þessu starfsári stjórnar hann sýningum á *Töfraflautu* Mozarts í Alþýðuóperunni (Folkopera) í Stokkhólmi.



Listráð Ungsveitarar Sí

Listráð Ungsveitarinnar var stofnað 25. október 2022 og í því eiga Ungsveitarmeðlimir sæti ásamt fræðslustjóra Sí. Listráðið kemur beint að framkvæmd og útfærslu Ungsveitarnámskeiðanna og prufuspila, leggur fram óskir um verkefnaval og hvernig móttöku nemenda í Ungsveitina skal háttað. Listráðinu var komið á fót svo ávallt sé litið til áherslna og hugmynda Ungsveitarmeðlima við ákvarðanatöku varðandi hljómsveitarnámskeiðin líkt og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um.

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands var stofnuð árið 2009 og hefur vakið verðskuldaða athygli. Fjöldi ungmenna úr tónlistarskólum landsins taka þátt í hljómsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitar Íslands ár hvert í Hörpu. Markmiðið með Ungsveitinni er að gefa tónlistarnemendum vettvang til að kynnast hinum sífóníska heimi af eigin raun, og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitin í ár er skipuð tæplega 100 ungum hljóðfæraleikurum en einnig koma hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands að verkefninu með þjálfun og undirbúningi, auk þess leika nokkrir þeirra með Ungsveitinni hér í dag.

Ungsveitin hefur flutt mörg helstu verk tónbókmenntanna undir styrkri stjórn fyrsta flokk hljómsveitarstjóra, m.a. Rumons Gamba, Petris Sakari, Ilans Volkov og Evu Ollikainen, sem öll hafa gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Umsjón Ungsveitarinnar er í höndum Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra Sí. Á næstu vikum verður tilkynnt um verkefnaval sveitarinnar að ári og verða prufuspil haldin vorið 2025.



Aaron Copland

FANFARE FOR THE COMMON MAN

Aaron Copland (1900–1990) fæddist í Brooklyn, New York. Hann fékk snemma tilsögn í píanóleik hjá systur sinni Laurine og á níunda aldursári byrjaði hann að semja tónlist. Eftir frekara nám á heimaslóðum sigldi Copland sumarið 1921 til Parísar þar sem hann næstu þrjú árin stundaði tónsmíðanám - aðallega hjá tónskáldinu Nadiu Boulanger. Heimkominn einbeitti hann sér í leit að sérstökum amerískum hljómi. „Til er tónlist sem hljómar frönsk og þýskur hljómur, af hverju ekki amerískur? Við höfum fundið hann í ragtime og djassi en ekki í hljómsveitartónlist sem mér er hugleikin.“ Og Copland fann þennan hljóm. Hann samdi um ævina alls konar óhlutbundna tónlist, verk fyrir útvarp og kvikmyndir, hljómsveitar- og einleiksverk, ýmis konar kammertónlist, balletta og óperur. Bera verk hans vott um vandvirkni í alla staði. Hann vann einnig ótullega að því að efla og styðja málstað amerískrar tónlistar og möguleika tónskálda til að koma verkum sínum á framfæri. Var hann um áratuga skeið áberandi í heimi nútímatónlistar og gerði viðleitni hans tónlist heimalandsins sýnilega á alþjóðavettvangi.

Fanfare for the Common Man samdi Copland árið 1942. Í sjálfsævisögu sinni segir hann: „Eugene Goosens, stjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Cinncinnati hafði í lok ágúst skrifað mér varðandi hugmynd sem hann vildi hrinda í framkvæmd á tónleikaárinu 1942–43. Í fyrsta stríðinu hafði hann beðið bresk tónskáld um að semja lúðraköll (*Fanfare*) til að leika í upphafi allra hljómsveitartónleika. Þetta hafði heppnast svo vel að hann langaði að endurtaka leikinn með amerískum tónskáldum í yfirstandandi styrjöld.“ All bárust 10 verk en lúðrakall Coplands er það eina sem enn heyrir í tónleikasölum heimsbyggðarinnar. Verkið var samið sem svar við þátttöku Bandaríkjanna í seinni heimsstyrjöldinni og innblásið af frægri ræðu þáverandi varaforseta Bandaríkjanna Henrys A. Wallace, þar sem hann kunngerði upphaf „aldar almúgamannsins“.



Antonín Dvořák

SINFÓNÍA NR. 9 Í E-MOLL, OP. 95

Antonín Dvořák (1841–1904) stóð á fimmtugu þegar honum bárust boð um að taka við rektorsstöðu við National Conservatory of Music í New York. Boðið kom honum á óvart og heillaði hann alls ekki við fyrstu sýn. Hann var frægur og vinsæll, hafði nýtekið við prófessorsstöðu við Tónlistarháskólann í Prag, var vinmargur og lifði hamingjusömu fjölskyldulífi. En tilboðið freistaði, ekki síst launin sem í boði voru - ríflega tuttugu og fimmföld laun hans heima í Prag. Þess utan þyrfti hann ekki að kenna á sumrin sem þýddi meiri tími til tónsmíða. Að baki þessu boði var kona að nafni Jeanette Thurber. Hún var mjög listelsk eiginkona auðkýfings og hafði stofnað fyrrnefndan tónlistarháskóla árið 1885. Leitaði hún nú að nýjum rektor og vonaðist til að heimsfrægð Dvořáks myndi auka veg og virðingu skólans og styrkja reksturinn. Þessi skóli var að því leyti sérstakur að honum var ætlað að veita framúrskarandi menntun burtséð frá efnahag nemenda. Þá var skólinn fyrstur til að veita nemendum af afrísk-amerískum og indíána-ættum tónlistarmenntun á háskólastigi í Bandaríkjunum.

Dvořák sló til og haustið 1892 steig hann á skipsfjöl og hélt til New York ásamt eiginkonu sinni og tveimur af sex börnum þeirra. Þar var honum tekið með kostum og kynjum - fékk hann meðal annars að stjórna tónlist sinni í flutningi frábærra hljómsveita og tónsmíðanemendurnir voru upp til hópa efnilegir. Hin nýju verkefni innan veggja skólans tók hann mjög alvarlega og setti hann sig fljótt inn í draum frú Thurber um að skapa „nýja ameríska tónlist“ sem væri auðþekkjanleg frá hinni evrópsku með sín augljósu tengsl við Beethoven og Mozart. Lagði hann sig fram um að kynna sér þjóðlega tónlist hins nýja heimalands síns, skoðaði tónlist frumbyggjanna og hlustaði á afrísk-ameríska sálma.

Hið nýja umhverfi, nýir vinir og samstarfsfólk en ekki síst kynni af framandi tónlist örvaði sköpunargleði Dvořáks og hann byrjaði að festa hugmyndir sínar á blað. Sú fyrsta beindist að óperu byggðri á sögulgóði Henrys Wadsworth Longfellow um indíánapiltinn Hiawatha en fljótlega vék sú hugdetta fyrir nýrri sínfóníu. Hana samdi hann á átta mánuðum árið 1893 og var hún frumflutt í glænýjum tónleikasal New York borgar - Carnegie Hall - í desember sama ár.

Sinfónían hefst á hægum inngangi sem gefur aðalstefið til kynna og brátt birtist það í mjúkum meðförum hornanna í upphafi hins dramatíska hraða hluta þáttarins, *Allegro*. Áhrif bandarískra þrælasálma á tónskáldið koma skýrt fram í síðara aðalstefi kaflans sem heyrir fyrst í flautunni og minnir svo mjög á hið alkunna lag *Swing Low, Sweet Chariot*.

Annar kaflinn hefst á sjö afar áhrifaríkum hljómunum áður en enska hornið leikur hið fagra stef í Des-dúr sem sínfónían er þekktust fyrir. Við tekur óræðinn og órólegur miðkafl í cís-moll en síðan fjórleg augnablik áður en aðalstefið birtist á ný, en nú með hikandi þögnum sem minna á kveðjustund sem dregin er á langinn.

Þriðji kaflinn er *scherzo* eða gletta og er skemmtilegur eltingaleikur í tónum þar sem gengur á ýmsu. Sjálfur sagði Dvořák að kaflinn væri innblásinn af sögulgóði Longfellow um indíánapiltinn Hiawatha, nánar tiltekið þegar Indíánarnir dansa í brúðkaupsveislu hans og Minnehaha.

Í lokakaflanum tjalda tónskáldið öllu til í mikilli stefjaveislu þar sem nýjar laglínur heyrast í bland við þær sem fyrir eru. Dramatíkin virðist ætla að ná yfirhöndinni en að lokum birtir til og allt fellur í ljúfa löð.

Sigurður Ingui Snorrason

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Fiðla I

Eyrún Huld Ingvarsdóttir
Austin Ching Yu Ng
Björney Anna Aronsdóttir
Steinunn Dís Öfjörð Sævarsdóttir
Særún Luna Solimene
Katrín Jónsdóttir
Þórunn Helena Jónsdóttir
Sóldís Perla Marteinsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Þórunn Sveinsdóttir
Magnús Torfason
Sveindís Eir Steinunnardóttir
Isabella Liv Sigurgeirsdóttir
Ásrún Eir Þórarinsdóttir
Andrés Illugi Gunnarsson Cortes
Jóhanna Rannveig Jánsdóttir
Ásta Magnúsdóttir
Bryndís Hekla Sigurðardóttir

Fiðla II

Þórdís Emilía Aronsdóttir
Rozalia Maria Mietus
Drífa Rán Solimene
Íris Torfadóttir
Embla Karen Egilsdóttir
Hugrún Birna Hjaltadóttir
Sigrún Ólafsdóttir
Haraldur Áss Liljason
E. Hafrún Guðjónsdóttir
Guðrún Birna Kjartansdóttir
Nína Ruth Stefánsdóttir
Arnlaugur Guðmundsson
Magnús Thor Holloway
Aðalheiður Sif Guðjónsdóttir
Sólrun Njarðardóttir
Katrín Róbertsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir

Víóla

Selma Elísa Ólafsdóttir
Þórhildur Vala Sigurðardóttir
Arndís Ólafía Snorraddóttir
Ronja Davidsdóttir
Sigurlín Viðarsdóttir
Hanna Kristín Stefánsdóttir
Helga Björg Kjartansdóttir
Sigrún Marta Arnalds
Úlfur Þórarinsson
Sunneva Kristín Guðjónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Steina Kristín Ingólfssdóttir

Selló

Arnar Geir Halldórsson
Elín Dögg Þórhallsdóttir
Baldur Þórarinsson
Urður Eir Baldursdóttir
Katrín Hákonardóttir
Ingibjörg Árnadóttir
Helga Lilja Eypórsdóttir
Snorri Páll Sigurgeirsson
Erna Tómasdóttir
Viðja Elísabet Magnúsdóttir
Guðný Jónasdóttir

Kontrabassi

Elías Dýrfjörð
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Hrefna Vala Kristjánsdóttir
Aðalheiður Kristín Ragnarsdóttir

Óbo

Andreas Guðmundsson Gähwiler
Össur Ingi Jónsson

Klarínett

Hanna Sóley Guðmundsdóttir
Íris Orradóttir

Fagott

Guðjón Daníel Bjarnason
Nína María Elísabet
Valgarðsdóttir

Horn

Sara Rós Hulda Róbertsdóttir
Örn Kjartansson
Þorgerður Þorkeldsdóttir
Charlotte Rehm

Trompet

Ingunn Erla Sigurðardóttir
Unnur Vala Einarsdóttir
Pétur Arnþórsson
Guðmundur Brynjar Þórarinsson
Eberg Óttarr Elefsen
Almar Örn Gærdbo Arnarson

Básúna

Svava Freysdóttir
Baldur Kári Malsch Atlason
Anna Valgerður Káradóttir

Bassabásúna

Valtýr Ferrell

Túba

Styrkár Flóki Lífason Snorrason

Pákur

Magnús Már Newman

Slagverk

Bryndís Eir Sigurjónsdóttir
Ísar Orri Dagsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

Verkefni Ungsveitar SÍ

2009

Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2010

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2011

Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2012

Gustav Holst: Pláneturnar
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2013

Hector Berlioz: Karnival í Róm
Claude Debussy: La mer
Edward Elgar: Sellókonsert
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2014

Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2015

Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 10
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2016

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 5
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2017

Ígor Stravinskíj: Vorblót
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2018

Pēteris Vasks: Viatore
Dmítríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2019

Ludwig van Beethoven: Sinfónía nr. 9
Daniel Raiskin, hljómsveitarstjóri

2021

Jean Sibelius: Sinfónía nr. 2
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri

2022

Sergej Rakhmanínov: Sinfónía nr. 2
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri

2023

Hector Berlioz: Draumórasinfónían
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri

Verkefni Ungsveitar SÍ á Tectonics og Myrkum músíkdögum

Ungsveit á Tectonics 2013

Robert Ashley: In memoriam... Crazy Horse
Stephen Montague:
In memoriam Jim Tenney
Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2014

Alvin Curran: Beams
Alvin Curran, hljómsveitarstjóri
Robyn Schulkowsky: Spunaverk
Robyn Schulkowsky, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2015

Hafdís Bjarnadóttir: Sveimur
Hafdís Bjarnadóttir, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Myrkum músíkdögum 2017

John Luther Adams: Sila:
The Breath of the World
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri

Á döfinni

10.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Sigrún leikur Brahms

Sigrúna Eðvaldsdóttur þarf vart að kynna fyrir tónleikagestum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún hefur verið konsertmeistari hljómsveitarinnar frá 1998 og er sá einleikari sem hefur oftast komið fram með henni. Sigrún hefur verið eftirsóttur fiðluleikari allt frá því að hún lauk námi og hefur m.a. leikið í Weill Recital Hall í New York og Wigmore Hall í London.

Á þessum tónleikum leikur Sigrún hinn yndisfagra og tilfinningaþrungna fiðlukonsert Brahms, sem hefur fylgt henni lengi en Sigrún segir sjálf: „Ég segi alltaf að tónlist Brahms geri alla að betri manneskjum.“

Á tónleikunum leikur hljómsveitin einnig forleik eftir Grażyna Bacewicz. Hún var eitt helsta tónskáld Póllands um miðja 20. öldina og fyrsta konan frá Póllandi til þess að vekja heimsathygli fyrir tónsmíðar sínar. Lokaverk kvöldsins er Íslandsfrumflutningur á annarri sífóníu austurríska tónskáldsins Thomasar Larcher. Sífóníuna samdi Larcher til minningar um flóttafólk sem hefur druknað síðustu ár í Miðjarðarhafinu.

17.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Mozart og Schumann

Líkt og svo mörg tónverka Roberts Schumann á fjórða sífónían sér djúpar og ástríðufullar rætur í einkalífi tónskáldsins. Hann hóf að semja hana skömmu eftir langþráð brúðkaup sitt og Clöru Wieck og fékk hún frumgerð verksins í 22 ára afmælisgjöf. Á þessum tónleikum er það einn fremsti hljómsveitarstjóri Tékklands, Tomáš Hanus, sem stýrir þessu öndvegisverki, en Hanus er aðalhljómsveitarstjóri þjóðaróperunnar í Wales og steig síðast á svið í Eldborg fyrir réttu ári.

Einleikari í fjórða hornkonserti Mozarts er Stefán Jón Bernharðsson, leiðari horndeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Stefán Jón er eftirsóttur á erlendri grundu og er reglulega boðið að vera gestaleiðari hjá erlendum hljómsveitum. Þetta verður í fyrsta sinn sem konsertinn hljómar í heild sinni á tónleikum hljómsveitarinnar en verkið er bæði hávirtúósískt og fullt af innlegum, dillandi húmor, ekki síst í hinu fræga, leikandi skemmtilega lokarandói.

Tónleikarnir hefjast á Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu eftir Béla Bartók þar sem úthugsuð pólýfónía, kraftmikil þjóðlagastef og dulúðug næturtónlist hljóma í bland.